

Fljótsdalshérað  
b/t Steinar Ingi Þorsteinsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 12. júlí 2019  
UST201906-247/A.B.  
10.04.02

**Efni: Breyting - Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028 - Ferðaþjónusta að Grund í Jökuldal**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs á svæði Grundar á efra Jökuldal.

Í breytingartillögunni kemur fram að ofangreind jörð er í aðalskipulagi sveitarfélagsins skráð sem landbúnaðarsvæði. Fram kemur að við bæjarstæðið er tilgreind frístundabyggð F12, og að með breytingunni muni F12 vera felld út, en í staðinn koma punktafmörkun svæðis í flokki verslunar- og þjónustu.

Í tillögunni kemur fram að gert er ráð fyrir gisti- og þjónustuhús á sex lóðum þar sem hvert hús getur verið allt að 200 m<sup>2</sup> á hverri lóð á allt að tveimur hæðum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjansdóttir  
sérfræðingur